

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 515, 27. júlí 1999, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1999/2000, og á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

Í stað „34.976“ í 1. gr. reglugerðar nr. 515/1999 og í 2. gr. reglugerðar nr. 516/1999, komi: 34.494, og í stað „208.698“ í 2. gr. reglugerðar nr. 516/1999, komi: 209.180.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

24. ágúst 1999

Nr. 560

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík, Reykjavíkurflugvöllur.

Reykjavíkurflugvöllur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. júní 1999, nýtt deiliskipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur.

Reykjavík, 24. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.